

Alþingi
Erindi nr. P 135/161
komudagur 13. 11. 2007



Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags- og skattanefndar
Alþingi
150 REYKJAVÍK

12. nóvember 2007

Efni: Umsögn SVP um þingsályktunartillögu um skattaávilnanir vegna rannsókn- og þróunarverkefna, 14. mál

SVP – Samtök verslunar og þjónustu hafa með bréfi dagsettu 31. október 2007 fengið tilvitnaða þingsályktunartillögu til umsagnar.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu telja þessa þingsályktunartillögu ágæta og mæla eindregið með því að hún verði samþykkt. Eins og greinargerð tillögunnar gerir glögga grein fyrir þá eru skattaávilnanir til rannsókna og þróunar óbein leið til að hvetja fyrirtæki til fjárfestinga í rannsóknum og þróun. Nýsköpunarstarf fyrirtækja leiðir til eflingar atvinnulífsins og skattaávilnanir, sambærilegar þeim sem þekktar eru í mörgum ríkjum OECD, eru líklegar til þess að leiða til efnahagslegra framfara og bæta samkeppnisstöðu.

Samtökin þakka fyrir framtak flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri